



REGLUR UM LEIGULÖND Í FJARÐABYGGÐ

1. gr.

Reglur þessar eru settar til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með leigulandi í eigu Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð leigir út ræktunar- og beitarlönd í landi Fjarðabyggðar eftir því sem þau falla til. Löndin eru leigð út til hestamannafélaga, hesthúseigendafélaga eða einstaklinga sem eru búsettir og hafa skráð lögheimili í sveitarfélaginu.

Einstaklingum er óheimilt að framleigja löndin eða lána til þriðja aðila nema með skriflegu leyfi Fjarðabyggðar.

2. gr.

Úthlutun lands í eigu Fjarðabyggðar, sem er næst búfjárbyggð, skal sæta jafnræðisreglu og fer ný úthlutun fram við nýbyggingu hvers búfjárhúss.

Eigendur búfjárhúsa í skipulögðum búfjárbyggðum Fjarðabyggðar ganga fyrir úthlutun leigulands í eigu Fjarðabyggðar sem er í nærumhverfi skipulagðra búfjárbyggða.

Eiganda búfjárhúss er heimilt að leyfa væntanlegum leigjanda afnot af leigulandi því sem fylgir viðkomandi gripahúsi með skriflegu leyfi Fjarðabyggðar.

3. gr.

Fjarðabyggð greiðir ekki kostnað vegna ræktunar eða girðinga umhverfis ræktunar- og beitarlönd. Skyld er að hafa gripheldar girðingar fyrir skepnur í beitarhólfum og girða samkvæmt gildandi lögum og reglum um búfjárhald og girðingar hverju sinni. Leigutaki greiðir kostnað vegna þess.

Við vanrækslu á viðhaldi girðinga mun leigusali segja upp leigusamningi að undangenginni viðvörðun þess efnis.

Girðingar sem leigutaki setur upp og fjarlægir ekki við uppsögn falla endurgjaldslaust til leigusala.

4. gr.

Leigutaki sem nýtir hið leigða land til beitar og/eða vörslu dýra skal fara eftir lögum og reglum er varða aðbúnað og fóðrun dýra og dýravernd og ber leigutaki fulla ábyrgð á aðbúnaði þeirra. Beri á vanbúnaði mun leigusali segja upp leigusamningnum, að undangenginni umsögn búfjäreftirlitsaðila þar til bærra yfirvalda.

Skepnur eru samkvæmt þar að lútandi lögum og reglugerðum ávalt á ábyrgð leigutaka.

KOP



5. gr.

Leigutími lands gildir til fimm ára í senn. Komi ekki til uppsagnar endurnýjast leigusamningurinn sjálfkrafa til fimm ára hverju sinni.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er sex mánuðir og skal það vera skriflegt.

Falli leigutaki frá eiga erfingjar leigutaka ekki kröfu um að taka við leigulandi.

6. gr.

Fjarðabyggð getur innkallað landið, að undangenginni skriflegri viðvörun, í eftirtöldum tilvikum:

- a. hafi leigutaki ekki lengur búsetu í bæjarfélaginu.
- b. ef Fjarðabyggð þarf landið til annarra nota.
- c. ef í ljós kemur að leigutaki eigi ekki búfé sem á landinu gengur. Leigutaka ber að framvísa afriti af eignarhaldsskráningu ef leigusali fer fram á það til að sýna fram á löggilt eignarhald búfjár.
- d. hafi leigutaki orðið uppvís að sjálftöku lands eða notað leigulandið og nágrenni þess til geymslu á vélum og öðrum hlutum.
- e. ef leigutaki gengur illa um landið, ef á því eru t.d. ónýtar girðingar, drasl s.s. bílhrae, gamlar rúllur/-stæður o.fl.
- f. ef gengið er of nærri gróðri. Ástand beitarlands er metið út frá ástandsflokkun lands sem gefið er út af Landgræðslunni hverju sinni.

7. gr.

Brjótí leigutaki eitt eða fleiri ákvæði þessara reglna er Fjarðabyggð heimilt að segja upp öllum leigusamningum um beitar-/slægjulönd í leigu viðkomandi aðila.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur umhverfisstjóri Fjarðabyggðar.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar og falla jafnframt eldri reglur úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 4. október 2018.

Karl Ottar Pétursson

Bæjarstjóri

